



# **IÐJUSVÆÐI**

**FRUMATHUGANIR Á STAÐARVALI TIL IÐNREKSTURS  
ÁFANGASKÝRSLA**

**Emil Bóasson  
Sigríður Hauksdóttir**

## EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	2
2.	ÍBÚADREIFING OG ÁÆTLUÐ DAGLEG TILFÆRSLA VINNUAFLS	5
	2.1 Yfirlit yfir þéttbýlissvæði	5
	2.2 Flokkaskipting fólksfjöldans	19
3.	SKIPTING MANNAFLANS Í ATVINNUGREINAR 1975	21
4.	FRAMREIKNINGUR MANNFJÖLDANS TIL ÁRSINS 2000 EFTIR ÞÉTTBÝLISSVÆÐUM	23
5.	ÚTTEKT Á IÐJUSVÆÐUM, FORVAL	25
	5.1 Inngangur	25
	5.2 Skilgreining einkunna	25
	5.3 Samanburður þéttbýlissvæða með einkunnagjöf	28
	5.4 Flokkun svæða eftir einkunnum	29
	HEIMILDASKRÁ	30

## MYNDIR OG TÖFLUR

<u>Kort 1</u>	Íbúadreifing og áætlun dagleg tilfærsla vinnuafls	4
<u>Kort 2</u>	Skipting mannaflans í atvinnugreinar	20
<u>Tafla 1</u>	Framreikningur mannfjöldans til ársins 2000	23
<u>Tafla 2</u>	Framreikningur mannfjöldans eftir þéttbýlissvæðum	24

## 1. INNGANGUR

Í þeirri skýrslu er hér fer á eftir eru kynntar þær frumathuganir á staðarvali til iðjureksturs, er unnar hafa verið á vegum Orkustofnunar frá miðju ári 1977.

Ahugi Orkustofnunar á úttekt á iðjusvæðum stafar af miklum hluta á mögulegri orkusölu.

Til undirbúnings að úttektinni var haldinn fundur 17. ágúst 1977 með forsvarsmönnum frá Iðnþróunarstofnun, Framkvæmdastofnun og Orkustofnun. Voru þar ræddar ýmsar hugmyndir um orkufrekan iðnað og hvaða skilyrði iðjusvæði þyrftu að uppfylla. Var þar lögð áhersla á að íbúafjöldi og félagsleg uppbygging væru þeir þættir er helst takmörkuðu val á stöðum til iðjureksturs hérlandis.

Í framhaldi af þessu voru gerðar athuganir á íbúadreifingu og skiptingu mannaflans í atvinnugreinir hér á landi 1976, sjá kafla 2 og 3.

Þá var gerð íbúaspá til ársins 2000 fyrir svæðin er fram komu við ofangreindar athuganir.

Þann 26. janúar síðastliðinn héldu svo þeir Haukur Tómasson og Vilhjálmur Lúðvíksson með sér fund og gerðu þar tillögur um hver tilhögun verksins yrði. Fara hér á eftir kaflar úr fundargerðinni (sjá "Drög að lýsingu á samstarfsverkefni, frumathugun á staðarvali til iðnreksturs").

Samkvæmt þeim hugmyndum var hafist handa við fyrsta áfanga, þ.e. athugun á ytri skilyrðum til iðnreksturs (sjá Úttekt á iðjusvæðum).

Október 1978

Emil Bóasson, Sigríður Hauksdóttir.

### "DRÖG AÐ LÝSINGU Á SAMSTARFSVERKEFNI, FRUMATHUGANIR Á STAÐARVALI TIL IÐNREKSTURS

#### BAKGRUNNUR

Vísað er til erindis samstarfsnefndar Iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs til iðnaðarráðherra, dags. 3. mars 1976, um almennar forsendur þeirrar verkefnislýsingar sem hér eru gerð drög að.

Það er nú almenn skoðun að atvinnuþróun og undirstaða verðmætasköpunar á næstu árum muni byggjast að verulegu leyti á iðnaði, ekki síst þeim sem tengist nýtingu orku og hráefnalinda landsins. Áhrif slíks iðnaðar eru margþætt, efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg og eru menn oft ekki á eitt sáttir um eðli og umfang þeirra áhrifa og fátt liggur fyrir sem hægt er að móta

rökstuddar skoðanir á. Umræður undanfarandi ára hafa borið þess vitni og hefur opinberum stofnunum sem fjalla um umhverfismál framleiðsluiðnaðar oft reynst erfitt að móta sína afstöðu til málanna vegna fjölda órökstuddra staðhæfinga og deilna um mál sem ekki liggja fullnægjandi rannsóknir eða staðreyndir fyrir um.

Mikil þörf er á skipulögðu samstarfi þeirra íslensku stofnana, sem fjalla þurfa um hinar ýmsu hliðar iðnaðaruppbyggingar þannig að unnt verði að móta vel grundaða stefnu, sem búast mætti við að almenningur féllist á og ekki yrði einvörðungu byggð á sjónarmiðum einstakra hagsmuna- eða stjórn málafla.

#### VERKEFNI - MARKMIÐ

Lagt er til að hrundið verði formlega af stað sérstakri athugun á forsendum til að reisa iðjuver á Íslandi og hugsanlegum áhrifum iðnrekstrar á efnahagslíf, umhverfi og félagslegar aðstæður á hinum ýmsu stöðum sem til greina koma á landinu. Athugunin nái fyrst og fremst til þess konar iðnaðar sem gerir sérstakar kröfur til innlendra auðlinda, náttúruskilyrða og félagslegra og umhverfislegra aðstæðna. Markmið athugunarinnar er að benda á þá staði á landinu sem álitlegastir eru fyrir þjóðina í heild til að reisa slík iðjuver á og draga fram þá helstu þætti sem kunna að verða fyrir áhrifum af slíkri starfsemi og lýsa í hverju þau eru fólgin. Athugunin nær til alls landsins."

Síðan segir:

#### "ÁFANGASKIPTI - UMFANG

Starfinu má skipta í a.m.k. þrjú þrep þar sem fjallað er um málið á mismunandi yfirgripsmikinn hátt.

1. Forkönnun á ytri skilyrðum til iðnrekstrar  
Almenn athugun á tæknilegum aðstæðum:
  - 1.1 Íbúadreifing innan 50 km vegalengdar á samilega öruggum vegi. Spá um þróun byggðarinnar.
  - 1.2 Hafnaraðstaða eða skilyrði til að gera höfn við hæfi stórtæks rekstrar.
  - 1.3 Landlagsskilyrði.
  - 1.4 Útvegum vatns.
  - 1.5 Aðgangur að hráefnum og orku og öðrum landlægum aðstæðum.
  - 1.6 Athugun á félagslegum og almennum skilyrðum svæðisins.

Litlar eða engar sérathuganir yrðu gerðar í þessari forkönnun. Að lokinni slíkri athugun færi fram forval á stöðum sem til álita koma.

2. Framhaldsathugun á völdum stöðum

Rannsóknir á skilyrðum iðnrekstrar með sérstakri hliðsjón af hagrænum svo og umhverfis- og félagslegum aðstæðum á hverjum hinna völdu staða. Athugun yrði gerð á eftirfarandi þáttum:



- Mannaflabróun
- Þróun atvinnulífs og efnahagsstarfsemi
- Tengslum milli atvinnugreina - margfeldisáhrifa
- Félagslegum aðstæðum-samgöngum, þjónustu menningarmálum
- Náttúrufari og lífríki (náttúruverndarkönnun)
- Jarðfræðilegri gerð - jarðvegi
- Landslagi landrými
- Aðstæður til hafnargerðar
- Útvegum ferskvatns
- Sjávarstraumum og öldulagi
- Öðrum samkeppandi landnýtingarhagsmunum

Niðurstöður þessarar athugunar gætu orðið mjög leiðbeinandi til vals á álitlegustu stöðunum og til að ákveða hentugustu staði fyrir tiltekinn rekstur. Ekki yrði farið lengra með almennar rannsóknir og frekari rannsóknir yrðu að biða nánari skilgreinar á eðli hugsanlegs reksturs

3. Sérrannsókn, miðuð við tiltekna starfsemi.

Endurteknar eru rannsóknir, sem taldar eru undir lið 2 og gerðar ítarlegri eða fyllri miðuð við þarfir tiltekins rekstrar."

Kort I.



**ORKUSTOFNUN**  
(bládröfing og dærlig dagleg  
tilfarisá vinnaflís  
7.08.18 1.06.11 4.9  
F. 1611)


2. IBÚADREIFING OG ÆTLUÐ DAGLEG TILFÆRSLA VINNUAFLS

Kort 1 sýnir íbúadreifingu landsins eftir þéttbýlissvæðum. Þéttbýlissvæði er hér notað um þéttbýliskjarna og umhverfi hans, miðað við um 50 km fjarlægð frá þéttbýliskjarnanum, en það er talin sú hámarksvegalengd sem fólk leggur á sig til að sækja vinnu daglega.

Í stuttu yfirliti sem fylgir kortinu kemur fram hvernig íbúafjöldi hvers svæðis er fenginn. Þar er svæðunum gefið bæði nafn og númer. Er nafnið yfirleitt valið eftir miðpunkti svæðisins. Eftir að fólksfjöldi svæðanna var fundinn, var hann færður inn á kortið sem hundraðshluti af heildaríbúafjölda landsins. Miðast mannfjöldatölur við des. 1976. Þá eru einnig færð inn á kortið línur sem eiga að sýna í grófum dráttum hvaðan íbúar hvers svæðis koma. Það skal tekið fram að lengd örvarna er ekki í hlutfalli við íbúafjöldann. Við fjölmennustu svæðin koma þessar línur ekki fram þar sem hringirnir er tákna íbúafjöldann eru svo stórir að þeir spanna yfir allt aðdráttarsvæðið.

YFIRLIT YFIR ÞÉTTBÝLISSVÆÐIN


01 REYKJAVÍK



Sveitarfélag	Fólksfjöldi %
0000 Reykjavík	84493
1000 Kópavogur	12848
1100 Seltjarnarnes	2630
1300 Garðabær	4241
2100 Hafnarfjörður	11739
2508 Bessastaðahreppur	309
2602 Mosfellshreppur	1981
	<u>118241</u> 53,5%

Svæðið er hið minnsta að flatarmáli, af þeim sem til umfjöllunar eru. Vegalengdir eru litlar og samgöngur mjög góðar innan svæðisins allt árið um kring.


02 AKRANES



Sveitarfélag	Fólksfjöldi %
3000 Akranes	4569
3501 Strandahreppur	180
3502 Skilmannahreppur	108
3503 Innri-Akraneshreppur	121
3504 Leirár og Melahreppur	152
3606 Borgarnes	<u>1433</u>
	6673 3,0%

Svæðið er láglent og samgöngur góðar. Er brú yfir Borgarfjörð verður fullgerð batna samgöngur enn.


03 BORGARNES



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
3606 Borgarnes	1433	
3605 Borgarhreppur	171	
3604 Stafholtstunguhreppur	210	
3607 Alftaneshreppur	116	
3608 Hraunhreppur	111	
3000 Akranes	4654	
3501 Strandarhreppur	178	
3502 Skilmannahreppur	108	
3503 Innri Akraneshreppur	121	
3504 Leirár og Melahreppur	151	
3505 Andakílshreppur	262	
3506 Skorradalshreppur	64	
	<u>7579</u>	3,4%

Svæðið er landfræðilega stærra en svæði 02. Íbúar eru næstum jafnmargir. Samgöngur eru mjög svipaðar og á svæði 02, nema hvað upp-sveitir Borgarfjarðar bætast hér við, þar er oft snjóbungt á veturnum.


04 ÓLAFSVÍK



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
3707 Ólafsvíkurbhreppur	1123	
3708 Fróðárhreppur	21	
3709 Eyrarsveit	790	
3706 Neshreppur	602	
3705 Breiðuvíkurbhreppur	109	
3704 1/2 Staðarsveit	70	
	<u>2715</u>	1,2%

Vegasamgöngur á svæðinu eru með ströndum fram viðast hvar. Vegir teppast oft vegna snjóá.

05 GRUNDARFJÖRDUR




Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
3709 Eyrarsveit	790	
3710 Helgafellssveit	92	
3711 Stykkishólmur	1144	
3708 Fróðárhreppur	21	
3707 Ólafsvíkurbhreppur	1123	
3706 Neshreppur	602	
	<u>3772</u>	1,7%

Á svæðinu eru í rauninni tvær þungamiðjur, þ.e. Stykkishólmur og Grundarfjörður. Gert er ráð fyrir nokkuð bættem vegasamgöngum. Snjóbungt að veturnum eins og 04.




06 STYKKISHÓLMUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
3711 Stykkishólmur	1144	
3710 Helgafellssveit	92	
3703 Miklaholtshreppur	139	
3712 Skógarströnd	82	
3709 Eyrarsveit	<u>719</u>	
Samtals	2176	1%

Að íbúafjölda vegur Stykkishólmur mest. Samgöngur á landi hinar sömu og á svæðum 05 og 06.


07 PATREKSFJÖRÐUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
4601 1/2 Barðastrandarhreppur	97	
4602 Rauðasandshreppur	114	
4603 Patrekshreppur	1032	
4604 Tálknafjarðarhreppur	278	
4605 Ketildalahreppur	25	
4606 Suðurfjarðarhreppur	<u>323</u>	
Samtals	1869	0,8%

Svæðið er vogskorið og fámennt. Vegasamgöngur eru um fjallvegi er oft teppast að vetrum. Vatneyri er eina þéttbýlið sem eitthvað kveður að.


08 BILDUDALUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
4606 Suðurfjarðarhreppur	323	
4605 Ketildalahreppur	25	
4604 Tálknafjarðarhreppur	278	
4603 Patrekshreppur	<u>1032</u>	
Samtals	1658	0,8%

Hér er það einnig Vatneyri (4603) sem mest vegur þó miðpunktur svæðisins hafi verið færður að Bildudal, en við það falla Rauðasands- og Barðastrandarhreppur út úr myndinni.


09 DÝRAFJÖRÐUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
4701 Auðkúluhreppur	39	
4702 Þingeyrarhreppur	432	
4703 Mýrarhreppur	<u>155</u>	
Samtals	626	0,3%

Þetta svæði er byggðin umhverfis Dýrafjörð ásamt nyrstu byggð við Arnarfjörð. Samgöngum á að vera auðvelt að koma í viðunandi horf, nema yfir fjallveginn milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.


10 SÚGANDAFJ.-ÖNUNDAFJÖRÐUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
4703 Mýrarhreppur	155	
4704 Mosvallahreppur	102	
4705 Flateyrarhreppur	427	
4706 Suðureyrarhreppur	497	
4100 Bolungavík	1134	
4000 Ísafjörður	3136	
4803 Súðavíkurhreppur	266	
<b>Samtals</b>	<b>5717</b>	<b>2,6%</b>

Svæðið umhverfis Súganda- og Önundarfjörð teygir sig að Djúpinu. Ekki er hér ákveðin þungamiðja en bent er á að fólksfjöldinn er áberandi mestur á Ísafirði. Samgöngur teppast oft vegna snjóa.


11 BOLUNGARVÍK



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
4704 Mosvallahreppur	102	
4705 Flateyrarhreppur	427	
4706 Suðureyrarhreppur	497	
4000 Ísafjörður	3136	
4100 Bolungavík	1134	
4803 Súðavíkurhreppur	266	
<b>Samtals</b>	<b>5562</b>	<b>2,5%</b>

Svæðið er við utanvert Djúpið. Samgöngur all sæmilegar milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar en um aðra staði á það sama við og svæði 10.


12 ÍSAFJÖRÐUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
Svæði 11	Samtals 5562	
og að auki:		
4703 Mýrarhreppur	155	
4804 Ögurhreppur	67	
<b>Samtals</b>	<b>5784</b>	<b>2,6%</b>

Samgöngur eins og á svæði 11. Þungamiðja fólksfjöldans er Ísafjörður.


13 HRÚTAFJÖRÐUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
4907 Öspakseyrarhreppur	61	
4908 Bæjarhreppur	192	
5501 Staðarhreppur	78	
5502 F-Torfustaðarhreppur	115	
5503 Ytri Torfustaðarhreppur	249	
5504 Hvammstangahreppur	454	
<b>Samtals</b>	<b>1149</b>	<b>0,5%</b>

Þarna er um að ræða töluvert snjópungt láglendi. Samgöngur nokkuð góðar austantil, en byggðakjarni er enginn umtalsverður.


14 HVAMMSTANGI



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
4908 Bæjarhreppur	192	
5501 Staðarhreppur	78	
5502 Fremri-Torfustaðarhreppur	115	
5503 Ytri-Torfustaðarhreppur	249	
5504 Hvamstangahreppur	454	
5505 Kirkjuhvammshreppur	137	
5506 Þverárhreppur	167	
5507 Þorkelshólshreppur	209	
5602 Sveinsstaðahreppur	<u>121</u>	
Samtals	1722	0,8%

Svæðið er strjálbýlt, en samgöngur tiltölulega góðar. Byggðakjarni er helstur Hvamstangi.


15 BLÖNDUÓS



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
5507 Þorkelshólshreppur	209	
5601 Áshreppur	141	
5602 Sveinsstaðahreppur	121	
5603 Torfulækjarhreppur	160	
5604 Blönduóshreppur	818	
5605 Svínavatnshreppur	149	
5606 Bólsstaðahreppur	170	
5607 Engihlíðahreppur	117	
5608 Vindhælishreppur	78	
5609 Höfðahreppur	610	
5610 Skagahreppur	93	
5506 Þverárhreppur	164	
5100 Sauðárkrúkur	<u>1898</u>	
Samtals	4728	2,1%

Svæðið nær yfir A-Húnavatnssýslu, tvo hreppa í V-Húnavatnssýslu og tvo í Skagafjarðarsýslu. Íbúafjöldinn er mestur á Sauðárkrók, en fjarlægðir eru mældar frá Blönduósi. Samgöngur svipaðar og á svæði 14.


16 SKAGAFJÖRDUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
5700 Skagafjarðarsýsla	2305	
5100 Sauðárkrúkur	1896	
5604 Blönduós	818	
5606 Bólsstaðahlíðarhreppur	170	
5607 Engihlíðarhreppur	117	
5608 Vindhælishreppur	78	
5609 Höfðahreppur	610	
5610 Skagahreppur	93	
<b>Samtals</b>	<b>6087</b>	<b>2,8%</b>

Svæðið nær yfir alla Skagafjarðarsýslu auk nokkurra hreppa í Húnavatnssýslu. Þungamiójan er Sauðárkrúkur. Um samgöngur er svipað að segja og um svæði 14-15.


17 SIGLUFJÖRDUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
5000 Siglufjörður	2067	
6200 Ólafsfjörður	1143	
5710 Hofshreppur	194	
5711 Hofsóshreppur	262	
5712 Fellshreppur	51	
5713 Haganeshreppur	108	
5714 Holtshreppur	100	
<b>Samtals</b>	<b>3925</b>	<b>1,8%</b>

Að ýmsu leyti má telja þetta svæði helst til of stórt. M.a. er nokkuð vafasamt að telja Ólafsfjörð til þess, þrátt fyrir að komast megi milli staðanna á innan við klst. Snjór hamlar oft samgöngum á svæðin að vetrarlagi.


18 ÓLAFSFJÖRDUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
6200 Ólafsfjörður	1143	
5000 Siglufjörður	2067	
5712 Fellshreppur	51	
5713 Haganeshreppur	108	
5714 Holtshreppur	100	
6300 Dalvík	1207	
6502 Svarfaðardalshreppur	303	
6504 Hríseyjarhreppur	294	
6505 Árskógshreppur	295	
6506 Arnarneshreppur	228	
<b>Samtals</b>	<b>5796</b>	<b>2,6%</b>

Svæðið er nokkuð fjölmennt með 3 umtalsverðum þéttbýliskjörnum. En vegasamgöngur eru ótryggar yfir vetrarmánuðina.


19 AKUREYRI



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
6000 Akureyri	12299	
6501-6512 Eyjafjarðarsýsla	2650	
6300 Dalvík	1207	
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	246	
6602 Grýtubakkahreppur	398	
6604 Hólshreppur	247	
6605 Ljósavatnshreppur	296	
Samtals	17343	7,9%

Svæðið nær yfir Eyjafjarðarsýslu og vesturhreppi S-Þingeyjarsýslu. Samgöngur eru nokkuð góðar og vegalengdir jafnar í fjölmennustu sveitir út frá Akureyri.

20 HÚSAVIK




Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
6100 Húsavík	2282	
6605 Ljósavatnshreppur	296	
6606 Bárðdælahreppur	176	
6607 Skútustaðahreppur	531	
6608 Reykdælahreppur	386	
6609 Aðaldælahreppur	422	
6610 Reykjahreppur	119	
6611 Tjörneshreppur	117	
6701 Kelduneshreppur	190	
Samtals	4519	2,0%

Svæðið tekur yfir alla S-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar. Meginhluti íbúa býr í sveitunum milli Mývatns og Húsavíkur. Samgöngur eru tiltölulega góðar.

21 MÝVATN

Sama svæði og Húsavíkursvæði en þungamiðjan er færð að Mývatni.


22 RAUFARHÖFN



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
6705 Raufarhafnarhreppur	499	
6704 Presthólahreppur	297	
6706 Svalbarðshreppur	<u>134</u>	
Samtals	930	0,4%

Eitt af fámennari svæðum landsins og samgöngur fremur lélegar.


23 ÞÓRSHÖFN



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
6707 Þórshafnarhreppur	460	
6708 Sauðaneshreppur	59	
6706 Svalbarðshreppur	134	
7501 Skeggjastaðahreppur	<u>119</u>	
Samtals	772	0,3%

Svipar mjög til svæðis 22, um íbúa og samgöngur á landi.


24 VOPNAFJÖRÐUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
7502 Vopnafjarðarhreppur	865	
7501 Skeggjastaðahreppur	<u>119</u>	
Samtals	984	0,4%

Íbúar fáir, samgöngur á landi þokkalegar, um lágan fjallveg að fara milli hreppanna.


25 EGILSSTAÐIR (FLJÓTSDALSHÉRAÐ)



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
7000 Seyðisfjörður	959	
7504 Jökuldalshreppur	178	
7505 Fljótisdalshreppur	186	
7506 Fellahreppur	240	
7507 Hróarstunguhreppur	132	
7508 Hjaltastaðahreppur	104	
7511 Seyðisfjarðahreppur	38	
7601 Skriðdalshreppur	120	
7602 Vallahreppur	180	
7603 Egilsstaðahreppur	965	
7604 Eiðahreppur	168	
7609 Reyðarfjarðahreppur	<u>686</u>	
Samtals	3956	1,8%

Svæðið er stórt að flatarmáli, nær yfir því sem næst allt Fljótisdalshérað auk Seyðisfjarðar og Reyðarfjarðar. Samgöngur eru nokkuð þokkalegar en mætti bæta. Höfn er ekki fyrir hendi á Héraði en nota mætti hafnir á fjörðunum.


26 SEYÐISFJÖRÐUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
7000 Seyðisfjörður	959	
7511 Seyðisfjörður	38	
7602 1/2 Vallahreppur	90	
7603 Egilsstaðahreppur	965	
7604 Eiðahreppur	<u>168</u>	
Samtals	2220	1,0%

Svæðið er miklu minna en svæði 25. Fjarðarheiði skiptir því í tvennt og takmarkar samgöngur á landi mjög að vetrarlagi. Hins vegar er hafnar- aðstaða með besta móti víðast hvar í Seyðisfirði.

27 NESKAUPSSTAÐUR




Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
7100 Neskaupsstaður	1684	
7200 Eskifjörður	1033	
7606 Norðfjarðahreppur	103	
7607 Helgustaðahreppur	42	
7609 Reyðarfjarðahreppur	<u>686</u>	
Samtals	3548	1,6%

Hér er Neskaupsstaður valinn til viðmiðunar. Samgöngur eru góðar að sumarlagi en um snjópungan fjallveg er að fara að vetrarlagi, á þetta enn við þrátt fyrir jarðgöng sem eru til einhverra bóta.

28 ESKIFJÖRÐUR

Sama svæði og 27., en þungamiðja færð til.


29 REYÐARFJÖRDUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
7100 Neskaupsstaður	1689	
7200 Eskifjörður	1033	
7606 Norðfjarðarhreppur	103	
7607 Helgustaðahreppur	42	
7609 Reyðarfjarðarhreppur	686	
7610 Fáskrúðsfjarðarhreppur	133	
7611 Búðarhreppur	764	
7603 Egilsstaðahreppur	<u>965</u>	
Samtals	5410	1,7%

Á þessu svæði eru íbúar Austurlands flestir. E.t.v. má telja svæðið í allra stærsta lagi, að vegalengdir séu of miklar. Vetrarsamgöngur teppast oft vegna snjóá og þá sérstaklega til Egilsstaða og Norðfjarðar. Á það við um Reyðarfjörð sem kjarna.


30 FÁSKRÚDSFJÖRDUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
7609 Reyðarfjarðarhreppur	686	
7610 Fáskrúðsfjarðarhreppur	133	
7611 Búðarhreppur	764	
7612 Stöðvarhreppur	325	
7613 Breiðdalshreppur	<u>379</u>	
Samtals	2287	1,0%

Samgöngur á landi, milli sveitarfélaga á svæðinu eru með ströndum fram og teppast sjaldan sökum snjóá. Hins vegar á hér við eins og um Reyðarfjörð að vegalengdir eru e.t.v. helst til miklar.


31 STÖÐVARFJÖRDUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
7610 Fáskrúðsfjarðarhreppur	133	
7611 Búðarhreppur	764	
7612 Stöðvarhreppur	325	
7613 Breiðdalshreppur	<u>379</u>	
Samtals	1601	0,7%

Hér er Stöðvarfjörður settur sem miðsvæði, samgöngur á landi eru svipaðar og á svæði 30.

32 BREIÐDALUR




Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
7610 Fáskrúðsfjarðarhreppur	133	
7611 Búðarhreppur	764	
7612 Stöðvarhreppur	325	
7613 Breiðdalshreppur	379	
7614 Beruneshreppur	95	
7615 Búlandshreppur	<u>344</u>	
Samtals	2040	0,9%

Ath. sjá svæði 31.




33 BERUFJÖRÐUR



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
7612 Stöðvarhreppur	325	
7613 Breiðdalshreppur	379	
7614 Beruneshreppur	95	
7615 Búlandshreppur	344	
7616 Geithellnahreppur	<u>106</u>	
Samtals	1249	0,6%

Stórt svæði en fámennt, samgöngur á landi svipaðar og á svæðum 30-32.


34 HÖFN



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
7701 Bæjarhreppur	74	
7702 Nesjahreppur	223	
7703 Hafnarhreppur	1252	
7704 Mýrarhreppur	<u>106</u>	
Samtals	1655	0,7%

Svæðið er að undanskildum Bæjarhreppi (7701) á láglandinu umhverfis Hornafjörð. Samgöngur á landi allgóðar og teppast sjaldan vegna snjóa.


35 VÍK



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
8505 Álftavershreppur	52	
8506 Hvamshreppur	510	
8507 Dyrhólahreppur	167	
8601 A-Eyjafjallahreppur	<u>266</u>	
Samtals	995	0,4%

Svæðið er fámennt og stórt, samgöngur á landi góðar og ekki um verulegar hindranir að ræða aðrar en snjó að vetrinum.


36 HVOLSVÖLLUR - HELLA



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
8602 V-Eyjafjallahreppur	263	
8603 A-Landeyjahreppur	205	
8604 V-Landeyjahreppur	193	
8605 Fljótshlíðarhreppur	280	
8606 Hvolhreppur	656	
8607 Rangárvallahreppur	712	
8608 Landmannahreppur	126	
8609 Holtahreppur	320	
8610 Ásahreppur	205	
8611 Djúpárhreppur	309	
8701 Gaulverjabæjarhreppur	194	
8702 Stokkseyrarhreppur	554	
8703 Eyrarbyggahreppur	584	
8704 Sandvíkurhreppur	132	
8705 Selfoss	3038	
8706 Hraungerðishreppur	225	
8707 Villingaholtshreppur	223	
8708 Skeiðahreppur	247	
8716 Hveragerðishreppur	1094	
Samtals	9568	4,3%

Svæðið er eitt af fjölmennari svæðum utan Stór-Reykjavíkur og nær yfir þéttbýlar sveitir með allgöðu vegakerfi. Auk þéttbýliskjarnanna Hellsu og Hvolsvallar nær það yfir Selfoss, Hveragerði, Stokkseyri og Eyrarbakka. Í þéttbýli búa h.u.b. 2/3 hlutar íbúa á svæðinu.


37 SELFOSS - HVERAGERÐI



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
8705 Selfoss	3038	
8717 Ölfushreppur	1283	
8716 Hveragerðishreppur	1094	
8704 Sandvíkurhreppur	132	
8703 Eyrarbyggahreppur	584	
8702 Stokkseyrarhreppur	554	
8701 Gaulverjabæjarhreppur	194	
8707 Villingaholtshreppur	223	
8706 Hraungerðishreppur	225	
8713 Grímsneshreppur	324	
8715 Grafningshreppur	67	
8708 Skeiðahreppur	247	
8610 Ásahreppur	205	
8611 Djúpárhreppur	309	
8609 Holtahreppur	320	
8608 Landmannahreppur	126	
8607 Rangárvallahreppur	712	
8606 Hvolhreppur	656	
8604 V-Landeyjahreppur	193	
8718 Selvogshreppur	22	
Samtals	10508	4,7%

Svæðið er þéttbýlt og samgöngur góðar. Þungamiðjan er Selfoss, en þar og í Hveragerði býr tæpur helmingur mannfjöldans á þessu svæði.


38 SELFOSS - REYKJAVÍK



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
Svæði 37	10508	
0000 Reykjavík	84493	
1000 Kópavogur	12848	
1100 Seltjarnarnes	2630	
1300 Garðabær	4241	
2100 Hafnarfjörður	11739	
Samtals	126459	57,2%

Samgöngur á landi eru með besta móti, aðalvegir eru með bundnu slitlagi. Fólksfjöldinn er orðinn allverulegur eða riflega helmingur landsmanna.


39 SUÐURNES



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
2200 Keflavík	6313	
2300 Grindavík	1723	
2400 Njarðvík	1750	
2502 Hafnarhreppur	126	
2503 Miðneshreppur	1089	
2504 Gerðahreppur	741	
2506 Vatnsleysuhreppur	448	
8718 Selvogshreppur	22	
Samtals	12212	55,5%

Svæðið nær yfir Reykjanesið að mörkum Hafnarfjarðar. Samgöngur eru mjög góðar, nema vegakaflinn milli Krisuvíkur og Grindavíkur. Þungamiójan er Keflavík.


40 SUÐURNES - REYKJAVÍK



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
2100 Hafnarfjörður	11739	
1300 Garðabær	4241	
1000 Kópavogur	12848	
0000 Reykjavík	84493	
1100 Seltjarnarnes	2630	
2508 Bessastaðahreppur	309	
2602 Mosfellshreppur	1981	
Suðurnesjasvæði	12212	
Samtals	130453	59%

Hér eru lögð saman svæði 1 (Reykjavík) og svæði 39 (Suðurnes).

41 STÓR-REYKJAVÍK



Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%	Sveitarfélag	Fólksfjöldi	%
0000 Reykjavík	84493		2604 Kjósarhreppur	239	
1000 Kópavogur	12848		8000 Selfoss	3058	
1100 Seltjarnarnes	2630		8702 Stokkseyrarhreppur	554	
1300 Garðabær	4241		8703 Eyrarbakka	584	
2100 Hafnarfjörður	11739		8704 Sandvíkurhreppur	132	
2200 Keflavík	6313		8706 Hraungerðishreppur	225	
2300 Grindavík	1723		8716 Hveragerðishreppur	1094	
2400 Njarðvík	1750		8717 Ölfushreppur	1283	
2502 Hafnarhreppur	126		8718 Selvogshreppur	22	
2503 Miðneshreppur	1089				
2504 Gerðahreppur	741				
2506 Vatnsleysuhreppur	448				
2508 Bessastaðahreppur	309				
2602 Mosfellshreppur	1981				
2603 Kjalarneshreppur	248				
			Samtals	137.850	62,3%

Er hér um að ræða fjölmennasta svæðið og eitt hið stærsta enda vegasamgöngur eins og best gerist á landinu.

## 2.2 FLOKKASKIPTING FÓLKSFJÖLDANS

### Fl. 1 Svæði með >10% af heildaríbúafjölda landsins

- 01 Reykjavík (55,3%)
- 38 Selfoss-Reykjavík (57,2%)
- 40 Suðurnes-Reykjavík (59,0%)
- 41 Stór-Reykjavík (62,3)

### Fl. 2 Svæði með 5-10% af heildaríbúafjölda landsins

- 19 Akureyri (7,9%)
- 39 Suðurnes (5,5%)

### Fl. 3 Svæði með 2-5% af heildaríbúafjölda landsins

- 02 Akranes (3,0%)
- 03 Borgarnes (3,4%)
- 10 Súgandafj.-Önundarfjörður (2,6%)
- 11 Bolungavík (2,5%)
- 12 Ísafjörður (2,6%)
- 15 Blönduós (2,1%)
- 16 Skagafjörður (2,8%)
- 18 Ólafsfjörður (2,6%)
- 20 Húsavík (2,0%)
- 21 Mývatn (2,0%)
- 36 Hvoll-Hella (4,3%)
- 37 Selfoss-Hveragerði (4,7%)

### Fl. 4 Svæði með 1-2% af heildaríbúafjölda landsins

- 04 Ólafsvík (1,2%)
- 05 Grundarfjörður (1,7%)
- 06 Stykkishólmur (1,0%)
- 17 Siglufjörður (1,8%)
- 25 Egilsstaðir (1,8%)
- 26 Seyðisfjörður (1,0%)
- 27 Neskaupsstaður (1,6%)
- 28 Eskifjörður (1,6%)
- 29 Reyðarfjörður (1,7%)
- 30 Fáskrúðsfjörður (1,0%)

### Fl. 5 Svæði með <1% af heildaríbúafjölda landsins

- 07 Patreksfjörður (0,8%)
- 08 Bíldudalur (0,8%)
- 09 Dýrafjörður (0,3%)
- 13 Hrútafjörður (0,5%)
- 14 Hvammstangi (0,8%)
- 22 Raufarhöfn (0,4%)
- 23 Þórshöfn (0,3%)
- 24 Vopnafjörður (0,4%)
- 31 Stöðvarfjörður (0,7%)
- 32 Breiðdalur (0,9%)
- 33 Berufjörður (0,6%)
- 34 Höfn (0,7%)
- 35 Vík (0,4%)



### 3. SKIPTING MANNAFLANS Í ATVINNUGREINAR 1975

Kaflinn sem hér fer á eftir er skýringar við kort nr. 2. Allar tölulegar upplýsingar eru úr skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins: Mannfjöldi, mannafla og tekjur, júní 1977. Flokkun atvinnugreina er byggð á flokkun Sameinuðu þjóðanna ISIC. Flokkunin ákvarðast í flestum tilvikum á aðalstarfsemi fyrirtækja, en ekki á starfsgreinum innan þeirra. Þannig telst t.d. allt starfslið flugfélaga starfa við samgöngur og starfslið frystihúsa við fiskiðnað. Svæðin sem um er fjallað eru hin sömu og lýst er í kafla II.

Atvinnugreinaskiptingun er fengin á þann veg að áætla hlutdeild mannafla viðkomandi sýslu (sýslna) og kaupstaðar í heildar mannafla svæðisins. Síðan eru allar tiltækar tölur um atvinnuskiptingu hvers svæðis lagðar saman í hlutfalli við íbúafjölda.

Meðal minni byggðakjarna, þar sem atvinnuskipting er ekki þekkt, er hún höfð hin sama og reynist vera í sýslunni.

Hér á eftir fer stutt lýsing á hvernig atvinnugreinaskipting hvers svæðis er fengin.

#### 01 Reykjavík

Unnið beint upp úr tölum um atvinnuskiptingu í Reykjavík.

#### 02-03 Svæðin Akranes, Borgarnes

Atvinnuskiptingun á þessu svæði er fengin með því að leggja saman tölur um atvinnuskiptingu á Akranesi, í Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu í hlutfalli við mannfjölda svæðisins sem kemur frá þessum sýslum. Þar vegur Akranes mest með hlutfallatöluna 6,7, á móti Borgarfjarðarsýslu með 1,4 og Mýrasýslu með 1.

#### 04, 05, 06 Ólafsvík - Grundarfjörður Stykkishólmur

Hér er notast við tölur um atvinnuskiptingu í Snæfellsnessýslu.

#### 07, 08 Patreksfjörður - Bildudalur

Svæði þetta tekur yfir Vestur-Barðastrandasýslu. Atvinnugreinaskiptingun er byggð á upplýsingum um Barðastrandasýslur. Fyrir Vestur-Barðastrandasýslu er áætluð örlítil viðbót fyrir fiskveiðar og fiskiðnað (+2% fyrir hvort um sig) á móti minnkar hlutur landbúnaðar (+4%).

#### 10, 11, 12 Svæðið Súgandafj.-Önundarfjörður Ísafjörður, Bolungavík

Atvinnugreinaskipting svæðisins byggð á atvinnugreinaskiptingu í Ísafjarðarkaupstað og Ísafjarðarsýslum. Geð er ráð fyrir að atvinnuskiptingun í Bolungavík sé svipuð og á Ísafirði. Hlutföllin eru reiknuð í samræmi við hvaðan meginþorri íbúa svæðisins er. Kaupstaðirnir (Ísafjörður og Bolungavík) fá hlutfallatöluna 1 1/2 á móti 1 fyrir sýsluna.

#### 14, 15 Hvammstangi - Blönduós

Atvinnugreinaskipting miðast við Húnavatnssýslur.

#### 16 Skagafjörður

Tölur um atvinnuskiptingu, annars vegar í Skagafjarðarsýslu og hins vegar á Sauðárkróki lagðar saman með jöfnum hlutfallstölum.

#### 17, 18 Siglufjörður - Ólafsfjörður

Hér eru tölur um atvinnugreinaskiptingu á Siglufirði, Ólafsfirði og Skagafjarðarsýslu lagðar saman í hlutföllunum:

Siglufjörður	3,6
Ólafsfjörður	1,6
Skagafjarðarsýsla	1,0

#### 19 Akureyrarsvæði

Meginþorri mannafla svæðisins kemur frá Akureyri með hlutfallið 2 1/2 á móti 1 frá Eyjafjarðarsýslu.

#### 20, 21 Húsavík - Mývatn

Hér eru tölur af Húsavík og Þingeyjar-sýslum lagðar saman í hlutfallinu 1:1.

#### 25 Egilsstaðir

Hér er áætlað að mannafla svæðisins sé að helmingi til úr S-Múlasýslu, en N-Múlasýsla og Seyðisfjörður skipti á milli sín hinum helmingnum. Tölur úr S-Múlasýslu, N-Múlasýslu og Seyðisfirði því lagðar saman í hlutfallinu 2:1:1.

#### 26 Seyðisfjarðarsvæði

Tölur atvinnuskiptingar á Seyðisfirði og S-Múlasýslu lagðar saman í hlutfallinu 1:1

#### 27 Neskaupsstaðarsvæði

Meginþorri íbúa þessa svæðis eru á Eskifirði, Reyðarfirði og Neskaupsstað. Tölur um atvinnuskiptingu á Reyðarfirði og Eskifirði

eru ekki til staðar en gera má ráð fyrir að atvinnuskipting í þessum kaupþúnum sé svipuð þeirri á Neskaupsstað.

34 Höfn í Hornafirði

Sýnir atvinnuskiptingu í Austur-Skaftafellssýslu.

35 Vik í Mýrdal

Sýnir atvinnugreinaskiptingu í Vestur-Skaftafellssýslu.

36 Svæðið Hvoll - Hella

Sýnir atvinnugreinaskiptingu í Rangárvallasýslu.

37 Selfoss - Hveragerði

Atvinnugreinaskipting í Árnessýslu.

39 Suðurnes

Til að reyna að nálgast sem best hina eiginlegu atvinnuskiptingu á þessu svæði miðað við þau gögn sem eru fyrir hendi, eru samantlagðar tölur um atvinnuskiptingu í Keflavík og Reykjaneskjördæmi í hlutfallinu 1:1. (Ath. að réttur helmingur íbúa svæðisins eru úr Keflavík).



4. FRAMREIKNINGUR MANNFJÖLDANS TIL ÁRSINS 2000 EFTIR ÞÉTTBÝLISSVÆÐUM

Þessir útreikningar eru grundvallaðir á mannfjöldatölum Hagstofu Íslands frá des. 1976.

Svæðin eru valin út frá helstu þéttbýliskjörnum, og ákvarðast stærð þeirra (svæðanna) af íbúafjöldanum í þéttbýlinu sjálfu og nágrenni þess, sem takmarkast við u.þ.b. klukkutíma keyrslu frá þungamiðju mannfjöldans. Af þessu leiðir að mörg svæðin skarast og sömu íbúar geta talist til tveggja eða jafnvel fleiri svæða.

Gert er ráð fyrir sömu frjósemislíkum á öllu landinu miðað við meðaltal ársins 1974, og að frjósemin fari lakkandi á tímabilinu og verði orðin árið 2000 svipuð og hún var í Danmörku 1974.

Dánarlíkur miðast við reynslu árána 1966-70, og haldast óbreyttar allt tímabilið.

Hvaða áhrif fólksflutningar innanlands

og gagnvart útlöndum hafa á íbúabróun einstakra svæða er erfitt að spá um. Reynslan undanfarna 2 áratugi hefur sýnt að Reykjavíkursvæðið hefur verið sterkt aðdráttarsvæði og dregið til sín fólk úr öllum landshlutum. Eins er nokkurn veginn ljóst að íbúum dreifbýlis á eftir að fækka enn um skeið, og sennilegt að stærri þéttbýlisstaðirnir vaxi meira á kostnað hinna minni.

En mikil óvissa ríkir þó í sambandi við tölulega útreikninga á flutningalíkum, og í þessum framreikningum mannfjöldans var því sá kostur tekinn að gera ráð fyrir að jafnvægi sé í flutningum milli svæða, svo og gagnvart útlöndum.

Þannig reiknaðist heildaraukning mannfjöldans á þessum 25 árum 29,5%. Þ.e.a.s. um 1,3% árleg aukning í byrjun tímabilsins, en fellur jafnt niður í 0,7% aukningu á ári milli 1995-2000.

TAFLA 1

Framreikningur mannfjöldans til ársins 2000.

fyrir landið allt	mannfjöldi	árleg meðalaukning í %
1976	218.621	
1980	233.393	1,3 %
1985	248.698	1,3 %
1990	262.690	1,1 %
1995	274.009	0,9 %
2000	283.134	0,7 %

TAFLA 2  
Framreikningur mannfjöldans til ársins 2000 eftir þéttbýlissvæðum.

Svæði	1976	1980	1985	1990	1995	2000
Reykjavíkursvæði	137.849	147.085	156.645	165.417	172.530	178.223
Akranessvæði	6.540	6.978	7.431	7.849	8.186	8.456
Borgarnessvæði	7.367	7.860	8.371	8.840	9.220	9.524
Ólafsvíkursvæði	2.915	3.110	3.312	3.497	3.647	3.767
Grundarfjarðarsvæði	3.701	3.950	4.205	4.440	4.630	4.782
Stykkishólmssvæði	2.176	2.321	2.472	2.610	2.722	2.812
Patreksfjarðarsvæði	1.869	1.994	2.123	2.242	2.338	2.415
Ísafjarðarsvæði	5.784	6.171	6.572	6.940	7.238	7.477
Borðeyrarsvæði						
Hvammstangasvæði	1.574	1.679	1.788	1.888	1.969	2.034
Blönduósssvæði	4.727	5.043	5.371	5.671	5.915	6.110
Skagafjörður	6.089	6.497	6.919	7.306	7.620	7.871
Síglufjarðarsvæði	3.925	4.188	4.460	4.709	4.911	5.073
Akureyrarsvæði	17.256	18.412	19.609	20.707	21.597	22.310
Húsavíkursvæði	4.519	4.968	5.290	5.586	5.636	5.822
Raufarhafnarsvæði	930	992	1.056	1.115	1.165	1.203
Þórshafnarsvæði	772	824	877	926	968	1.002
Vopnafjörður	984	1.052	1.120	1.182	1.233	1.274
Seyðisfjarðarsvæði	2.220	2.369	2.523	2.664	2.778	2.870
Neskaupsstaðarsvæði	3.548	3.785	4.031	4.256	4.339	4.482
Egilsstaðasvæði	3.956	4.221	4.495	4.746	4.950	5.113
Reyðarfjarðarsvæði	5.410	5.772	6.147	6.491	6.770	6.993
Breiðdalsvík	2.040	2.176	2.317	2.446	2.551	2.635
Berufjarðarsvæði	1.249	1.332	1.418	1.497	1.558	1.604
Hafnarsvæði	1.655	1.765	1.880	1.985	2.070	2.138
Víkursvæði	995	1.062	1.131	1.194	1.245	1.286
Hella - Hvolsvöllur	9.563	10.204	10.867	11.475	11.968	12.363
Selfoss - Hveragerði	10.154	10.834	11.538	12.184	12.708	13.127

## 5. ÚTTEKT Á IÐJUSVÆÐUM - FORVAL

### 5.1 INNGANGUR

Í þessari frumathugun, sem er þáttur í fyrsta hluta rannsóknar á staðarvali til orku-freks iðnaðar, er í grófum dráttum gerður samanburður á helstu þéttbýlissvæðum landsins, og möguleikum þeirra á uppbyggingu iðnaðar. Þ.e. orkufreks iðnaðar af þeirri stærðargráðu að huga þarf vandlega að umhverfislegum og félagslegum áhrifum hans, svo og landfræðilegum skilyrðum sem staðsetning hans krefst. Samanburðurinn er gerður með einkunnagjöf, þar sem hinum ýmsu þáttum sem áhrif hafa á staðarvalið eru gefnar einkunnir með hliðsjón af mikilvægi þeirra.

Eftirfarandi áhrifaþættir eru teknir með í samanburðinn:

1. Hafnarskilyrði (9)
2. Fólksfjöldi (3)
4. Neysluvatn (3)
5. Jarðhiti
  - a) Til húshitunar (2)
  - b) Háhiti (2)
6. Samgöngur á landi (3)
7. Þjónustustarfsemi (3)
8. Jarðefni til iðnaðar (séraðstæður) (1)
9. Stór flugvöllur í næsta nágrenni (1)

#### Frádráttarþættir:

10. Jarðskjálftahætta (÷2)  
(eða hætta á öðrum náttúruhamförum)
11. Mengunarhætta (÷3)

Tölurnar innan sviga sýna mögulegan hámarkspunktafjölda hvers áhrifaþáttar, en einkunnagjöfinni verða gerð nánari skil hér síðar. Markmið þessa samanburðar er að draga upp yfirlitsmynd af landkostum og aðstöðumun svæðanna að því marki sem athugun, gerð án vettvangsskoðunar og tímafrekari rannsókna, leyfir. Þannig að hægt sé að nota hann til hliðsjónar og sem grundvöll að frekari vinnu og staðarvalsathugunum sem myndu þá fremur beinast að þeim svæðum sem álitlegri reynast að lokinni þessari fyrstu greiningu.

Samanburðurinn nær yfir alla helstu þéttbýliskjarna landsins. Strjálbýlli svæði koma ekki til greina þar eð ein meginforsen á hagkvæms iðnrekstrar, að þeirri stærðargráðu sem orkufrekur iðnaður fellur yfirleitt undir, er samilegt undirlag fólks.

Aðstöðumunur hvað varðar "orkuveitu" er ekki tekinn með í samanburðinn, enda má gera ráð fyrir að allir landshlutar að undanskildum Vestfjarðakjálkanum, Snæfellsnesi og annesjum norðanlands, verði nokkurn veginn jafnvígir á þá orku sem iðnaðurinn krefst.

Svæði þessi eru síðan flokkuð niður eftir samanlögðum punktafjölda þeirra, í 3 megin-flokka.

Þau svæði sem lenda í 1. flokki (þ.e. 20 punktar af 35 mögulegum) og virðast því álitlegust sem stóriðjusvæði eru aðeins 4: Reykjavíkursvæði, Keflavík-Suðurnes, Akureyrar-svæði og Akranessvæði.

Í 2. flokki (þ.e. 10-20 punktar) eru mun fleiri svæði. Hafa þau greinilega margt til síns ágætis en það fer ekki eftir eðli þess rekstrar sem fyrirhugaður er hversu hagkvæm þau geta talist. Forsendur fyrir stóriðju á þessum svæðum virðast t.d. ekki nægilegur.

Í 3. flokki lenda síðan þau svæði sem síst koma til greina sem hentug iðjusvæði.

### 5.2 SKILGREINING EINKUNNA

#### 5.2.1 Hafnarskilyrði

Einkunnir á bilinu frá 0 upp í 9 punkta eru gefnar sem hér segir:

#### 9 punktar: (1. fl.)

Skilyrði fyrir hendi til að taka á móti stærstu flutningaskipum (60.000 tn) án meiri háttar tilkostnaðar.

#### 6 punktar:

Landfræðilegar aðstæður til hafnargerðar fyrir stærstu flutningaskip, en hlutfallslegur kostnaður mun meiri en á þeim stöðum er tilheyra 1. fl. Sérstaklega á þetta við um þau svæði þar sem rekstrargrundvöllur hafnarinnar væri eingöngu tengdur stóriðjunni en þjónustu hlutverk hennar við byggðarlagið að öðru leyti mjög takmarkað.

#### 4 punktar:

Hafnarskilyrði nokkuð góð. Staðir, sem sameina landfræðileg skilyrði og rekstrargrundvöll hafnar fyrir miðlungsstór flutningaskip.

#### 2 punktar:

Erfið hafnarskilyrði stærri skipa.

#### 0: Hafnleysur.

5.2.2 Fólksfjöldi (sjá kort 1: Ibúadreifing og áætluð dagleg tilfærsla vinnuafis)

Einkunnir eru gefnar frá 0 upp í 9 punkta fyrir mismunandi fólksfjölda á þéttbýlissvæðunum. Stærð þeirra miðast við u.þ.b. klukkustundar akstur frá þéttbýliskjarna.

#### 9 punktar:

Fólksfjöldi á þéttbýlissvæði >10.000 manns.

#### 6 punktar:

Fólksfjöldi á þéttbýlissvæði 4-10.000 manns.

#### 4 punktar:

Fólksfjöldi á þéttbýlissvæði 2-4.000 manns.

1 punktur:

Fólksfjöldi á þéttbýlissvæði 1-2.000 manns.

0:

Innan við 1000 manns á þéttbýlissvæði.

5.2.3. Landrými

Hér er notast við kort Landmælinga Íslands (mkv. 1/100.000) og kort bandaríska hersins (mkv. 1/50.000). Einkunnir eru á bilinu 0 upp í 3 punkta fyrir mismunandi mikið landrými. Matið er engan veginn fullnægjandi og nauðsyn er á miklu nánari athugun einstakra svæða með gerð landnytjakorta.

3 punktar:

Mjög mikið undirlendi.

2 punktar:

Sæmilegt undirlendi.

1 punktur:

Takmarkað undirlendi.

0:

Ekkert viðbóttarrými

Sé jarðgrunnurinn talinn hentug undirstaða mannvirkja fær svæði +, annars + ef yfirleitt er um óhentugan jarðgrunn að ræða.

5.2.4. Neysluvatn

Unnið samkvæmt skýrslu Árna Hjartarsonar: "Íslenskt vatnafarskort", ásamt viðtali við hann og aðra starfsmenn jarðkönnunardeildar er unnið hafa við neysluvatnsrannsóknir. OS-JKD maí 1977. Einkunnir á bilinu frá 1 og upp í 3 eru gefnar sem hér segir:

3 punktar:

Þau svæði þar sem öflun neysluvatns er mjög auðveld.

2 punktar:

Neysluvatnsforði nægilegur og atti að þola allt að tvöfalda núverandi neyslu án teljandi kostnaðar.

1 punktur:

Nægilegur vatnsforði eins og er, en spurning um hvað svæðið þolir mikla neysluaukningu.

0:

Neysluvatns af skornum skammti og litlir vatnsöflunarmöguleikar nema með miklum tilkostnaði.

5.2.5. Jarðhiti

Unnið samkvæmt skýrslu Kristjáns Sæmundssonar: Hitaveitur í þéttbýli. Staða og rannsóknir 1976 og framtíðarhorfur. (OS-JHD mars 1976).

a) Lágðiti

2 punktar:

Stærstu lágðitasvæði landsins. Nægur jarðhiti til húshitunar auk þess sem svæðið býður upp á mikinn umfram jarðvarma og fleiri nýtingarmöguleika.

1 punktur:

Staðir sem nú þegar eru komnir með hitaveitu eða með góða hitaveitumöguleika.

0:

Litlar eða engar líkur á nýtanlegum jarðhita.

b) Háðiti

2 punktar:

Fá þeir staðir sem eru í nágrenni háðitasvæða.

5.2.6. Samgöngur á landi

Einkunnagjöf staða með tilliti til samgangna á landi. Svæðin geta fengið frá 0 upp í 3 punkta fyrir mismunandi aðstæður til flutninga á landi.

3 punktar:

Höfuðborgarsvæðið og nágrenni. Samgöngukerfið eins og það gerist best hér á landi.

2 punktar:

Þá einkunn fá aðalþjónustumiðstöðvar landsbyggðarinnar sem eru miðsvæðis gagnvart mjög stórum svæðum svo sem Akureyri og Egilstaðir, svo og þeir þéttbýlisstaðir sem liggja við þjóðbrautir þær, sem meginumferðapungi landshlutans fer um.

1 punktur:

Þeir þéttbýlisstaðir sem standa utan aðalumferðapunga samgöngukerfisins, án þess þó að geta talist afskekktir eða þá að þar skapist teljandi vandamál að vetri sökum snjóþyngsla.

0:

Afskekktari byggðakjarnar, og þeir sem eiga á hættu að vegasamband rofni vegna snjóá á ári hverju.

5.2.7 Þjónusta

Nákvæmt mat á þjónustustigi þéttbýlisstaðanna verður ekki gert án umfangsmikillar rannsóknar. Hér verður því einungis reynt að flokka þá lauslega með tilliti til þeirra þátta sem þegar eru kunnir og helst ættu að geta gefið nokkra vísbendingu um þjónustugetuna. Þeir þættir sem þjónustugetan ákvarðast aðallega af eru íbúafjöldi viðkomandi þéttbýlisstaðar, og stærð og íbúafjöldi þess svæðis sem sækir til hans þjónustu, (þ.e.a.s. þess svæðis, sem við getum kallað áhrifasvæði, en því lengra sem það

teigir sig því mun meiri og fjölbreyttari þjónustu hlýtur þéttbýlið að bjóða upp á).

Hér er fyrst og fremst tekið mið af íbúafjöldanum svo og hlutfalli þjónustu í atvinnuskiptingu staðarins, þar sem hún er kunn. (sjá kort 2: "Skipting mannaflans í atvinnugreinar")

3 punktar:

Ótvíræðir yfirburðir Reykjavíkursvæðisins hvað varðar heilbrigðisþjónustu, menntamál, rannsóknarstörf og alla sérþjónustu skipa því í sérflokk með tilliti til þjónustugetu.

2 punktar:

Þær þjónustumiðstöðvar sem hafa yfir 1500 íbúa og meira en 25% vinnuafldsins þar starfar í þjónustugreinum.

1 punktur:

Þéttbýlisstaði með íbúalágmark 1000 manns en þó að því er virðist, með mun takmarkaðri þjónustugetu en þeir er að ofan greinir.

0:

Þeir þéttbýlisstaðir þar sem þjónustugetan takmarkast við að fullnægja brýnustu nauðsynjum íbúa þéttbýlisins og aðliggjandi sveitar, en alla sérþjónustu þarf að sækja annað.

5.2.8. Jarðefni til iðnaðar

1 punktur:

A svæðinu er að finna nýtanleg jarðefni til iðnaðar. Þ.e.a.s. ef svæðið hefur ákveðna sérstöðu með tilliti til þess hráefnis umfram önnur svæði.

5.2.10. Jarðskjálftahætta

1 punktur:

Góður flugvöllur í næsta nágrenni þéttbýlisstaðar.

10. Jarðskjálftahætta

+2 punktar:

Hætta á meiri háttar jarðskjálftum eða öðrum náttúruhamförum.

+1 punktur:

Jarðskjálftahætta á svæðinu, en mun minni hætta en á þeim svæðum sem fá +2 punkta.

5.2.11. Mengunarhætta

+3 punktar:

Þröngur fjörður, mjög viðkvæmt svæði.

+2 punktar:

Þröngir firðir.

+1 punktur:

Opnari svæði.

5.3. SAMANBURÐUR ÞÉTTBYLISSVÆÐA MEÐ EINKUNNAGJÖF

	Hafnarskilyrði	Fólksfjöldi	Landrymi	Grunnur	Neysluvatn	Jarðhiti til húshitunar	Háhit	Samgöngur á landi	Þjónustustarfsemi	Jarðefni til iðn. - séraðstæður -	Stór flugvöllur í nágrenni	Jarðskjálftahætta eða hætta á öðrum náttúruhamförum	Mengunarhætta	Tegund jarðefnis	Punktafjöldi alls	
Reykjavíkursvæði	9	9	3	+	2	1		3	3		1	+1	+1		29	(1.fl.)
Akranessvæði	9	6	3	+	0	0		2	2	1		0	+1	Perlu steinn	22	(1.fl.)
Borgarnessvæði	2	6	3	+	0	1		2	1			0	+1		14	(2.fl.)
Ólafsvíkursvæði	2	2	1	+	1	0		1	1			0	+1		7	(3.fl.)
Grundarfjörður	4	2	2	+	0	0		1	0			0	+1		8	-
Stykkishólmssvæði	2	2	2	+	2	0		1	1			0	+1		9	-
Búðardalssvæði	2	0	2	+	0	0		1	0	1		0	+2	Leir	4	-
Patreksfjörður	9	1	1	+	0	0		0	0			0	+2		9	-
Ísafjarðarsvæði	9	4	1	+	0	0		0	2			0	+2		14	(2.fl.)
Hrútafjarðarsvæði (Borðeyri)	6	1	2	+	0	1		2	0			0	+1		11	-
Miðfjarðarsvæði, Hvammstangi	4	1	3	+	1	1		2	0	1		0	+1	Ilmínit	12	-
Blönduóssvæði	2	4	3	+	2	1		2	0			0	+1		13	(2.fl.)
Skagaströnd	2	4	3	+	1	0		1	0			+1	+1		9	(3.fl.)
Skagafjörður (Sauðárkrókur)	2	6	2	+	2	1		2	2		1	+1	+1		16	(2.fl.)
Siglufjörður	6	2	1		0	1		0	1			+1	+2		8	(3.fl.)
Akureyrarsvæði	9	9	3	+	1	1		2	2		1	0	+3		25	(1.fl.)
Húsavíkursvæði	4	4	3	+	2	2	2	1	2		1	+2	+1		18	(2.fl.)
Þórshafnarsvæði	2	0	3	+	0	0		0	0			+1	+1		3	(3.fl.)
Raufarhafnarsvæði	2	0	2		1	0		0	0			+1	0		4	(3.fl.)
Vopnafjörður	4	0	2		0	0		0	0			0	+1		5	(3.fl.)
Seyðisfjörður	9	2	1		0	0		0	1			0	+2		11	(2.fl.)
Egilsstaðasvæði	X	2	2		2	1		2	1		1	0	+1		10	(2.fl.)
Neskaupsstaðssvæði	4	2	1	+	0	0		1	2			0	+1		9	(3.fl.)
Eskifjörður	9	2	1	+	1	0		1	1			0	+2		13	(2.fl.)
Reyðarfjörður	9	4	1	+	1	0		1	0			0	+2		14	(2.fl.)
Fáskrúðsfjörður	6	2	1		1	0		0	0			0	+2		8	(3.fl.)
Stöðvarfjörður	4	1	1		0(?)	0		0	0			0	+1		5	-
Breiðdalsvíkursvæði	4	2	2		0	0		0	0			0	+1		7	-
Berufjörður	6	1	2	+	0	0		0	0			0	+2		7	-
Hornafjörður	2	1	3		2	0		1	1	1	1	0	+1	Títanr. sandur	11	(2.fl.)
Víkursvæði	0	1	2	+	3	0		1	0	1		+2	+1	Títanr. sandur	5	(3.fl.)
Hella - Hvolsvöllur	X	6	3	+	2	0		2	0			+2	+1		10	(2.fl.)
Laugarvatn - Apavatn	X	6	3	+	2	2	(1)	1	0	1		+1	+1	Kísilgúr	13	-
Selfoss - Þorlákshöfn	4	6	3	+	2	1	2	2	2			+2	+1		19	(2.fl.)
Keflavík - Suðurnes	6	9	3	+	2	1	2	3	2		1	+2	+1		26	(1.fl.)

5.4. FLOKKUN SVÆÐA EFTIR EINKUNNUM

1. Flokkur, svæði >20 punktar

Reykjavíkursvæði	29	punktar
Keflavík - Suðurnes	26	"
Akureyrarsvæði	25	"
Akranessvæði	22	"

2. Flokkur, svæði 10-20 punktar

Selfoss - Þorlákshöfn	19	"
Húsavíkursvæði	18	"
Skagafjörður	16	"
Reyðarfjörður	14	"
Borgarnessvæði	14	"
Ísafjörður	14	"
Blönduósssvæði	13	"
Eskifjörður	13	"
Laugarvatn - Apavatn	13	"
Miðfjörður	12	"
Hrútafjörður	11	"
Seyðisfjörður	11	"
Egilsstaðir	11	"
Hella - Hvolsvöllur	10	"
Hornafjörður	11	"

3. Flokkur, <10 punktar

Stykkishólmur	9	"
Patreksfjörður	9	"
Skagatrönd	9	"
Neskaupsstaður	9	"
Grundarfjörður	8	"
Siglufjörður	8	"
Fáskrúðsfjörður	8	"
Grundarfjörður	8	"
Ólafsvíkursvæði	7	"
Berufjörður	7	"
Breiðdalsvík	7	"
Stöðvarfjörður	5	"
Vopnafjörður	5	"
Víkursvæði	5	"
Búðardalssvæði	4	"
Raufarhöfn	3	"
Þórshöfn	3	"

HEIMILDASKRÁ

Kristján Sæmundsson: Hitaveitur í þéttbýli. Staða og rannsóknir 1976 og framtíðarhorfur. OS-JHD mars 1976.

Arni Hjartarson: Íslenskt vatnafarskort 1:1500.000. OS-JKD-7708. 1977.

Hafnargerðir 4 ára áætlun 1975-1978. Hafnarmálastofnun ríkisins des. 1974.

Mannfjöldi, Mannafli og tekjur. Framkvæmdastofnun ríkisins, áætlanadeild, júní 1977.

Kort bandaríska hersins frá 1947 1:50.000. Landmælingar Íslands. Kort í ýmsum útgáfum 1:100.000.

Virkir hf. Frumathugun á hluta af landfræðilegum forsendum fyrir staðsetningu orkufreks iðnaðar á Norðurlandi. Feb. 1971.